



**Hvatning forseta Íslands
til ungra Íslendinga
afhent ungmennum í Skagafirði
14 apríl 2008**

Í opinberri heimsókn forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar til Skagafjarðar hlutu 13 ungmenni „Hvatningu forseta Íslands til ungra Íslendinga“. Hvatningin var afhent á fjölskylduhátíð í íþróttahúsinu á Sauðárkróki. Þau sem hlutu hvatningu eru:

1. **Bjarni Þórir Jóhannsson**, 15 ára, Sætúni 9, Hofsósi.
Hann hefur sýnt fádæma dugnað og samviskusemi þrátt fyrir lesblindu.
2. **Bryndís Rut Haraldsdóttir**, 13 ára, Brautarholti í Skagafirði.
Hún er dugleg í íþróttum og hefur spilað fótbolta frá því hún var á leikskólaaldri, bæði við stelpur og stráka, góður vinur, kurteis og þrúð.
3. **Elín Árdís Björnsdóttir**, 16 ára, Kvistholti Skagafirði.
Hún hefur verið burðarás í félagslífi síns skóla, frábær leikkona og námsmaður.
4. **Gísli Felix Ragnarsson**, 15 ára, Víðigrund 24 Sauðárkróki.
Þrátt fyrir meðfæddan sjúkdóm hefur hann sýnt einstaka ljúfmennsku og æðruleysi í allri framgöngu, er virkur í leiklistarstarfi og góð fyrirmynd.
5. **Harpa Lind Einarsdóttir**, 12 ára, Hvannahlíð 9 Sauðárkróki.
Hún tókst á við erfiðan sjúkdóm með miklu æðruleysi og jákvæðni og hefur reynst góður félagi.
6. **Ingveldur Vilborg Kristmarsdóttir**, 15 ára, Sjónarhóli, Sauðárkróki.
Hún er dugleg, jákvæð og samviskusöm þrátt fyrir ýmsa erfiðleika.
7. **Katarína Ingimarsdóttir**, 12 ára, Flugumýri, Varmahlíð.
Hún er afburða námsmaður, einnig í tónlist; með ljúfa framkomu og stóð sig mjög vel í Stóru upplestrarkeppninni.
8. **Kolbjörg Katla Hinriksdóttir**, 13 ára, Syðstu-Grund, Varmahlíð.
Hún er framúrskarandi frjálsíþróttakona, stendur sig vel í námi, samviskusöm og dugleg.
9. **Linda Björk Valbjörnsdóttir**, 16 ára, Ártúni 7 Sauðárkróki.
Hún er afreksmaður í frjálsum íþróttum, margfaldur Íslandsmeistari og góður námsmaður.

10. **Patrycja Sylwia Garlak**, 14 ára, Hólavegi 3 Sauðárkróki.
Þrátt fyrir aðeins tveggja ára búsetu á Íslandi hefur hún náð undraverðum árangri í íslensku og verið góð fyrirmynd í öllum samskiptum.
11. **Sigurgeir Ólafsson**, 15 ára, Kálfsstöðum í Hjaltadal.
Hann er framúrskarandi nemandi sem sýnir sjálfstæði og ábyrgð, hvort heldur í íþróttum eða bóklegu og hefðbundnu námi.
12. **Stefán Ingi Gestsson**, 15 ára, Höskuldsstöðum, Varmahlíð.
Hann er jákvæður og glaður einstaklingur, einstaklega hjálpsamur við samnemendur, kennara og starfsfólk skólans; sýndi á árshátíð skólans að hann er afbragðs leikari.
13. **Tinna Björk Ingvarsdóttir**, 11 ára, Laugartúni 10 Sauðárkróki.
Hún hefur sýnt mikla listræna hæfileika, unnið í myndlistarsamkeppnum og spilar á hljóðfæri.